ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

LOFTTÆKNI Hvammsdal 4, 190 Vogar. Sími: 546 9500 Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

Garðaúðun og garðsláttur

Gumma Emils

Áralöng reynsla og full réttindi.

893 0705

REYKJANES

18. JÚNÍ 2015
12. tölublað 5. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Konur eru konum bestar

Um síðustu helgi fór fram Kvennahlaup ÍSÍ í björtu og fallegu veðri. Að venju voru margar konur sem tóku þátt í hlaupinu.

Hér eru það konur í Garðinum sem er að leggja af stað í hlaupið.

Sigurjónsbakarí - Hólmgarði 2 - 230 - Reykjanesbæ

OPNUNARTÍMI

mánudaga - föstudaga 07:00-18:00
laugardaga 08:00-16:00
sunnudaga 09:00-16:00

Gróðurmold afgreidd beint í garðinn

á Suðurnesjum

Moldin er hrærð með íblöndunarefnum (Kalk-þrífosfat og blákorn)

Hver poki er c.a. 900 kg.

Kr. 18.600, með vsk. - heimkomið

Upplýsingar og pantanir í síma **863-0529**

Miðsumarstöng og Vestmannaeyjaferð

Í lok maí var haldinn aðalfundur í Norræna félaginu í Garði. Það var ánægjulegur fundur og hugur í mönnum varandi þau verkefni sem eru framundan. Formaður fór yfir það helsta sem var á döfinni síðasta starfsár en í því sambandi er það einstaklega ánægjulegt hve samstarf milli deilda Norræna félagsins á Suðurnesjum hefur verið öflugt. Deildin í Grindavík var endurvakin eftir áramót , eru félagsmenn þar boðnir velkomnir í hóp annarra félagsmanna Norræna félagsins.

Á komandi Sólseturshátíð í Garði er liðið eitt ár frá því að Norrænir dagar í Garði voru haldnir í fyrsta sinn. Það var einstaklega vel heppnaður viðburður og bæjarfélaginu til sóma. Garðinn heimsóttu um sjötíu manns frá vinabæjunum í Svíþjóð og Danmörku, meðal annars hópur grunnskólabarna og þjóðdansara. Ljóst er að þarna skapaðist vinaátta til framtíðar ef við ræktum hana vel. Á aðalfundinum var rætt um að gaman væri að reisa miðsumarstöng að hætti Svía til að minnast þessa fyrsta vinabæjarmóts í Garðinum.

Á fundinum var einnig rætt um hvað hægt væri að gera til að efla félagsstarfið. Sú ágæta hugmynd kom upp að gaman væri að fara dagsferð innan lands. Félagsmenn og gestir þeirra myndu leggja land undir fót saman í ágúst eða byrjun september. Vestmannaeyjar voru efstar á blaði enda þar margt áhugavert að sjá svo sem húsin sem grafin hafa verið upp úr öskunni frá Vestmannaeyjagosinu. Ef siglt verður frá Landeyjahöfn væri þessi ferð auðveld en hún verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Formaður Norræna félagsins í Garði, Erna M. Sveinbjarnardóttir var kosinn til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Ritari félagsins og gjaldker eru Kristjana Kjartansdóttir og Jónína Holm og voru þær endurkjörnar. Meðstjórnendur eru Einar Jón Pálsson og Ásta Arnmundsdóttir, varamenn eru Guðmundur Magnússon og Ásta Óskarsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Guðrún F. Stefánsdóttir og Jón S. Garðarsson. Fráfarandi meðstjórnanda og frv. formanni Braga Einarssyni eru þökkuð störf hans fyrir félagið og allir aðrir sem hafa lagt hönd á plóginn fá bestu þakkir.

Hver framtíð Norræna félagsins í Garði verður vitum við ekki en það er engu að síður ljóst að það er nokkuð undir okkur sjálfum komið hvernig til tekst. „Velur sá er á heldur" er málsháttur sem hvetur okkur til dáða. Verkefnin er næg á hinum norræna akri og þeir sem vilja starfa með félaginu eru innilega velkomnir í félagahópinn. Áhugasamir geta kynnt sér fyrir hvað Norræna félagið stendur á www. norden.is.

Erna M. Sveinbjarnardóttir, formaður

Sumarbæklingur Sandgerðisbæjar 2015:

Sumarið er tími birtunnar og gleðinnar

Sumarbæklingur Sandgerðisbæjar 2015 er kominn út og hefur hann þegar verið borinn í hús í Sandgerði en einnig verður hann aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Í bæklingnum er að finna upplýsingar um ýmis námskeið og fleira sem verður í boði fyrir unga og aldna í Sandgerði í sumar.

Á forsíðu bæklingsins er kveðja frá forseta bæjarstjórnar.

Þrátt fyrir að aðeins hafi vantað upp á ylinn í vor er sumarið komið enn á ný. Sólin er farin að láta sjá sig æ oftar, dagarnir lengjast og við Sandgerðingar fáum að njóta sólseturs og birtu sem eru engu lík. Við hjá Sandgerðisbæ höfum verið að undirbúa sumarverkin eins og svo margir bæjarbúar og ýmiss vorverk eru að baki. Sem fyrr verður lögð áhersla á að halda bænum hreinum og snyrtilegum í sumar og er það verkefni sem allir þurfa að sameinast um. Í sumar verður jafnframt ýmislegt í boði fyrir Sandgerðinga og eru nokkur atriði sem ég vil minnast á sem eru betur kynnt í þessum bæklingi:

- Fjölbreytt námskeið verða í boði fyrir yngstu kynslóðina t.d. kofabyggð, skólagarðar, leikjanámskeið og fl.

- Vinnuskólinn verður starfræktur fyrir börn og unglinga á aldrinum 14 til 16 ára.
- Ungu fólki 17 ára og eldra stendur til boða sumarvinna við slátt og umhirðu í bænum.
- Skipulögð stafganga fyrir eldri borgara verður tvisvar sinnum í viku.

Fyrir þá íbúa sem þess óska er hægt að fá matjurtagarð til afnota gegn vægu gjaldi. Sérstakir skólagarðar til ræktunar á grænmeti verða í boði fyrir börn á grunnskólaaldri. Auk Sandgerðisbæjar standa Golfklúbbur Sandgerðis, Hestamannafélagið Máni og fleiri félagasamtök fyrir námskeiðum fyrir börn og unglinga.

Sem fyrr verða Sandgerðisdagar haldnir hátíðlegir í lok ágúst og er óhætt að segja að þá standi bæjarlíf okkar Sandgerðinga í mestum blóma. Í ár hefur verið samið við knattspyrnudeild Reynis um skipulagningu og framkvæmd daganna og er það vel við hæfi á 80 ára afmælisári Reynisfélagsins. Við hjá Sandgerðisbæ hlökkum til samstarfsins við Reynisfólk í þessu skemmtilega verkefni. Við þykjumst líka vita að þau muni leysa það vel af hendi í góðu samstarfi við alla Sandgerðinga enda er það þátttaka og gleði bæjarbúa sjálfra sem skapar mestu stemninguna á Sandgerðisdögum.

Með sumarkveðju,
Ólafur Þór Ólafsson
forseti bæjarstjórnar.

Dagur umhverfisins í Stóru-Vogaskóla

Nýlega var haldinn árlegur umhverfisdagur skólans. Þá lögðu nemendur sitt af mörkum við að fegra og snyrta bæinn sinn. Hver bekkur hafði sitt afmarkaða svæði til umráða, hreinsað var rusl í fjörunni, lóð skólans, Aragerði, Vogatjörn, götum og opnum svæðum.

Umhverfisnefnd skólans sem skipuð er nemendum úr 5 – 10. bekk og starfsfólki bætti mold í beð sunnan við skólahúsið og gróðursetti berjarunna, jarðarberjaplöntur og aðrar matjurtir, einnig var sáð nokkrum tegundum af matjurtafræi. Væntingar um uppskeru í haust ef sumarið verður hlýtt og sólríkt. Allir lögðu sig fram við að vanda vinnu sína, enda sést árangurinn í hreinni og snyrtilegri bæ.

(Heimasíða Stóru-Vogaskóla)

Nýr aðstoðarskólastjóri í Gerðaskóla

Fimmtudaginn 4. júní var gengið frá raðningu Ragnhildar Einarsdóttur í starf aðstoðarskólastjóra Gerðaskóla

Eftirtaldir sóttu um stöðuna:
Guðrún Björg Egilsdóttir
Gunnsteinn Sigurðsson
Hilmar Erlendsson
Laufey Erlendsdóttir
Lilja Dögg Friðriksdóttir
Marý Linda Jóhannsdóttir
Óskar Sigurðsson
Ragnhildur Einarsdóttir
Vera Ósk Steinsen

Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.

Lengi verið ósátt

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2. júní s. l lagði Kolbrúnu Jónu Pétursdóttur fram eftirfarandi bókun:

„Ég hef lengi verið ósátt við ákvörðun fyrrverandi bæjarstjórnar að setja mengandi iðnað á svæði rétt um kílómeter við íbúabyggð.

Ég vil að íbúar fái að njóta vafans sem er töluverður. Þegar ákvarðað er hvort mengunin muni verða innan eða utan marka er byggt á spám sem óvíst er hvort gangi eftir enda mæla eftirlitsstofnanir með að svæðið verði vaktað þegar verksmiðjur hefja störf".

Vogar:

Vilja færa kennslustofu

Á Fræðslufundi Voga þann 1. júní s. l var bókað: „Skólastjóri fór á fundinum yfir stöðu húsnæðismála skólans. Skólastjóri leggur til að færanleg kennslustofa við leikskólann verði færð yfir á lóð grunnskólans, enda ekki gert ráð fyrir að leikskólinn þurfi á henni að halda á næsta skólaári. Starfsemi grunnskólans býr við frekar þröngan húsakost, og því mundi þessi lausn gagnast skólanum og starfseminni vel. Fræðslunefnd tekur jákvætt í erindið fyrir sitt leyti".

VILTU SEGJA SKOÐUN ÞÍNA?

Fríblaðið Reykjanes vill gjarnan komast í samband við íbúa Suðurnesja. Segið ykkar skoðun með því að senda inn pistil. Sendið inn fyrirspurn. Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið asta. ar@simnet.is eða hringið í síma 847 2779.

Reykjanes **NÆSTA BLAÐ** Reykjanes kemur næst út fimmtudaginn 2. júlí 2015.

REYKJANES 12. TBL. 5. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is.
Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779. **Myndir:** Ýmsir. **Umbrot:** Prentsnið
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 8.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

REYKJANES ER DREIFT Í **8.000** EINTÖKUM ÓKEYPIS Í ALLAR ÍBÚÐIR Á REYKJANESI.

ALHLIÐA BÍLAÞJÓNUSTA

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Tölvulestur fyrir flestar gerðir bíla
- Umfelgun frá kr. 5.500
- Púst viðgerðir
- Dekk undir flestar gerðir bíla

Hjá okkur færðu alla almenna bílaþjónustu
Snögg þjónusta og bara góð verð í gangi

Sala varahluta og aukahluta frá Stillingu hf.

LIQUI MOLY Bætiefni og olíur
YUASA Rafgeymar
Remsa Bremsuklossar
TRICO Þurrkublöð
brembo Bremsudiskar
Stilling

Laghentir ehf. · Bolafæti 1 · 260 Reykjanesbæ · Sími 456 7600 · Gsm 861 7600 · www.laghentir.is

Opið alla virka daga frá kl. 8.00-17.00

Er sóknin að takast?

Eitt ár er nú liðið af kjörtímabilinu. Nýr meirihluti tók við völdum í Reykjanesbæ. Til að komast út úr erfiðri skuldastöðu var samþykkt að fara í miklar aðhaldaðgerðir, skipulagsbreytingar og hækkun á útsvari og fasteignagjöldum ásamt hækkun á nokkrum þjónustugjöldum. Aðgerðirnir eru settar fram undir nafninu, Sóknin.

Reykjanes leitaði til fulltrúa meiri-og minnihluta í bæjarstjórn og spurði hvert þeirra álit væri á stöðunni. Er nýr meirihluti að ná árangri í baráttunni. Er Sóknin að takast eins vel og reiknað var með?

Árni Sigfússon, oddviti Sjálfstæðisflokks:

Meirihluti og minnihluti samstíga

Sóknin er samhent átak, sem hófst með undirbúningi á síðasta kjörtímabili. Tekjur Reykjanesbæjar eru langt undir meðaltekjum stærstu sveitarfélaganna sem er ástæða fyrirliggjandi skuldavanda. Því er brýnast að ná að skapa betur launuð störf, sem skapa auknar tekjur. Núverandi meirihluti var ekki samstíga í stóru verkefni sem snýr að kísilveri Thorsil í Helguvík, sem skapar hundruð vel launaðra starfa. Sjálfstæðismenn studdu m.a. málið við loka ákvörðun í bæjarstjórn og þannig varð til nýr meirihluti um það. .

Meirihluti og minnihluti hafa verið samstíga um hagræðingarverkefni og núverandi meirihluti staðið sig að mínu mati ágætlega í að leiða verkefnið. Hnökrar hafa verið á framkvæmd og þriðjungur starfsfólks bæjarskrifstofa sagt upp störfum af þeim sökum. Þessir hnökrar hafa þó ekki verið til að hindra megin samstarf okkar og markmið. Árangur er að skila sér. Bæði er um að ræða góð innri og ytri skilyrði sem hafa áhrif. Þar skiptir miklu að kostnaður við fjárhagsaðstoð hefur minnkað með minna atvinnuleysi og minni verðbólga minnkar kostnað af fjármögnun. Kostnaðaraðhald er gott og því góð von með að verkefni tekjuaukningar og skuldalækkunar takist.

Reykjanes Auglýsingasíminn er 578 1190

Magnúsarmolar úr Garðinum

Samkvæmt venju skrifar Magnús Stefánsson bæjarstjóri Garðs molafréttir á föstudögum á heimasíðu Garðs. Reykjanes birtir hér smá mola úr pistli bæjarstjórans.

Golfnámskeið í Gerðaskóla.

Fyrir síðustu helgi var golfnámskeið fyrir nemendur Gerðaskóla. Námskeiðið var á vegum Golfklúbbs Suðurnesja og er liður í samstarfi GS og sveitarfélagsins, samkvæmt samningi þar um. Leiðbeinandi var Karen Sævarsdóttir, sem er margfaldur íslandsmeistari í golfi. Aldrei er að vita nema í hópi nemenda Gerðaskóla leynist framtíðar golfsnillingar,

Ungmennaráð fundar með bæjarstjórn

Ungmennaráð mætti á fund bæjarstjórnar og fóru fulltrúar þess yfir nokkur mál sem ráðið hefur fjallað um og gert tillögur um til bæjarstjórnar. Þátttaka ungmennaráðs á fundi bæjarstjórnar var ánægjuleg og kom fram að þau ungmenni sem taka þátt í störfum ráðsins eru ánægð með þátttöku í störfum Ungmennaráðs. Þau lýstu ánægju með jákvætt samstarf við bæjarstjórn og var það gagnkvæmt af hálfu bæjarstjórnar.

Stofna byggðasamlag

Á fundi bæjarstjórnar var samþykkt að standa að stofnun og rekstri byggðasamlags um Brunavarnir Suðurnesja.

Gæslan og innanlandsflugið velkomið

Bæjarráð Reykjanesbæjar bókaði: „Reykjanesbær mun bjóða Landhelgisgæsluna og innanlandsflugið velkomið til Keflavíkurflugvallar ef og þegar flugvellinum í Vatnsmýri verður lokað".

Nýtt hringtorg

Á fundi Umhverfis-og skipulagsráðs Reykjanesbæjar 10. júní s. l var tekið til afgreiðslu: Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna byggingar hringtorgs á Reykjanesbraut við Fitjar.

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir gerð hringtorgs á Reykjanesbraut við Fitjar. Framkvæmdatími er áætlaður frá júlí - október 2015.

Framkvæmdaleyfi samþykkt.

Gisting og veitingastaðir

Umhverfis-og skipulagsráð Reykjanesbæjar afgreiddi eftirfarandi erindi á síðasta fundi sínum. „Rent fasteignir ehf óskar eftir leyfi til að breyta notkun Grundarvegs 23 (gamla sparisjóðshúsinu í Njarðvík). Fyrirhugað er að í fasteigninni verði gisting á 2. og 3. hæð og kaffihús/matsölustaður/gisting á jarðhæð.

Samkvæmt fasteignaskrá er notkun eignarinnar skráð banki og skrifstofur. USK-ráð tekur vel í erindið en sækja þarf um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa með tilheyrandi gögnum".

Fasteignamat hækkar og lækkar

Fasteignamat ríkisins hefur gefið út hvert fasteignamat er fyrir árið 2016. Í sveitarfélögunum hér á Suðurnesjum hækkar matið í þremur sveitarfélögum en lækkar í tveimur

Í Reykjanesbæ hækkar matið um 6,3%. Í Sandgerði hækkar matið um 3,7%. Í Garði hækkar matið um 0,6%. Í Grindavík lækkar matið um 1,6% og í Vogum lækkar matið um 1,9%.

Lagardère TRAVEL RETAIL

Ilmurinn er góður og metnaðurinn mikill

Lagardére rekur sex veitingastaði og eina sælkerabúð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfsmenn eru rúmlega 130 en vegna mikilla anna sjáum við fram á að fjölga þeim í 150.

Í boði eru góð störf í eldhúsi, auk þjónustu- og afgreiðslustarfa. Kokkar, aðstoðarkokkar, aðstoð í eldhús, framreiðsla, afgreiðslustörf og uppvask. Boðið er upp á þjálfun í hverju starfi fyrir sig.

Við leitum að fólki á fastar vaktir, í aukastörf og útköll. Í föstum stöðum er unnið á vöktum, vinnutíminn er sveigjanlegur en yfirleitt frá kl. 05:00–17:00. Sé starfið hugsað sem aukastarf er vinnutíminn 05:00–08:00 eða 22:00–02:00, þá daga sem hentar best.

Við leitum að fólki með viðeigandi menntun og starfsreynslu. Starfsmenn þurfa að vera áhugasamir og tilbúnir að veita afburða þjónustu.
Áhugasamir sendi inn umsókn á **www.ltr.is** og **www.rada.is**
Í umsókninni skal tekið fram hvaða vinnutími og starfshlutfall hentar.
Öllum umsóknum verður svarað.

Lagardère Travel Retail ehf. sér um rekstur veitingastaða og sælkeraverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Markmið fyrirtækisins er að bjóða framúrskarandi þjónustu í lifandi og alþjóðlegu starfsumhverfi. Keflavíkurflugvöllur hefur þrisvar sinnum verið valinn besti flugvöllur í Evrópu.

Vilja ræða hjúkrunarþjónustu

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Garðs var samþykkt að fela bæjarstjóra að leita eftir því við sveitarfélögin á Suðurnesjum að haldinn verði sameiginlegur fundur bæjarstjórna sveitarfélaganna, þar sem fjallað verði um hjúkrunarþjónustu við aldraða á svæðinu.

Reykjanes

fotspor.is

Swieto Zachodzacego Slonca - The Sunset Festival

SÓLSETURSHÁTÍÐ

Í GARÐI 22. TIL 28. JÚNÍ 2015

Allir hjartanlega velkomnir!

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna

FJÖLBREYTT OG SKEMMTILEG DAGSKRÁ!

Sjá nánar á www.svgardur.is

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍÐIR GARÐI Stofnað 1936

NESFISKUR

Mánudagur 22. júní

Kl.19:00 **Karlakvöld í sundlauginni** - í boði Afafisks og Matvæladreifingar.
Beggi blindi verður með uppistand og Bryndís Kjartansdóttir stýrir leikfimi.

Þriðjudagur 23. júní

Kl.19:00 **Konukvöld í sundlauginni** - í boði Kvenfélagsins Gefnar og Bláa Lónsins.
Sigga Dögg mætir og Aneta stjórnar zumba.

Miðvikudagur 24. júní

Kl.17:00 **Boccia-keppni í íþróttahúsinu** í umsjón Gumma og Karenar - Þrír í liði.
Skráning á netfangið solsetursboccia@gmail.com skal lokið fyrir miðnætti 21. júní.

Kl.20:00 **Fróðleiksganga um Garðinn með Herði Gíslasyni frá Sólbakka.**
Mæting við Sjólyst - hús Unu.

Fimmtudagur 25. júní

Bærinn settur í hátíðarbúning af íbúum í hverri götu og hverfunum,
Rauða hverfið, Gula hverfið, Appelsínugula hverfið og Græna hverfið.
Ferða- safna- og menningarnefnd stendur fyrir vali á best skreytta húsinu.

Kl.17:00 **Samsýning listamanna og hönnuða úr Garði opnar á bæjarskrifstofu.**
Sýning opin frá kl. 17:00 - 20:00.
Opið fös. - lau. - sun. frá kl. 13:00 - 17:00

Kl.18:00 **Hverfaleikarnir á Gerðatúni við Melbraut.** Hverfaleikar hefjast á **FJÖLSKYLDURATLEIK** og við tekur spennandi keppni í hinum ýmsu þrautum. Ætlast er til að keppendur séu á öllum aldri, að foreldrar mæti með börnum sínum og að sem flestir taki þátt fyrir sitt hverfi.
Doddagrill og Skólamatur bjóða upp á sveppasúpu.

Kl.18:00 **Opna Sólsetushátíðar Golfmótið á Hólmsvelli í Leiru í umsjón GS.**
Skráning á slóðinni - gs.is/opna-solsetushatidarmotid -

Kl.22:00 **Sólsetushátíðar-spinning í Íþróttamiðstöð.**
Skráning í spinning hefst að morgni 22. júní í Íþróttamiðstöð. 1000 kr. gjald.
Kennarar: Kalli Júlla og Dagga - **Gult þema**

Föstudagur 26. júní

Kl.17:30 **Dagskrá hefst á Nesfisksvellinum.** BMX-bræður sýna listir – Kveikt á Nesfisksgrillinu – Trúbador leikur lög - Lögreglan mælir skothraða hjá krökkum.

Kl.19:00 **Víðir – Magni Grenivík á Nesfisksvellinum.** - ***Allir á völlinn !***
Bæjarfulltrúar grilla pylsur fyrir gesti. - ***Frítt á leikinn ! - Áfram Víðir !***

Kl.21:00 **Strandblakmót út á Garðskaga,** í umsjón blakdeildar Keflavíkur á Garðskagavelli.
Skráning á netfangið **solsetursblakigardi@gmail.com** 1000 kr. gjald á keppanda.
Skráningu skal lokið á miðnætti, fimmtudaginn 25. júní.

Kl.22:00 - 01:00 **Sundlaugarpartí fyrir 6. - 10.bekk** í Íþróttamiðstöð Garðs.

Laugardagur 27. júní

Kl.10:00 **Sólsetushátíðarhlaup frá Íþróttamiðstöð.** Boðið verður upp á að hlaupa 5 og 10 km. hlaup.
Glæsileg verðlaun frá Altis og SI-verslun.

Fjölskyldudagskrá á Garðskaga **- Kynnir er Sigurður Smári Hansson**

Kl.13:30 **Fornbílaklúbbur Suðurnesja og bifhjólaklúbburinn Ernir mæta á svæðið.**

Kl.14:00 **Magnús Stefánsson bæjarstjóri setur hátíðina.**
Söngatriði frá leikskólanum Gefnarborg í Garði.
Lína Langsokkur.
Nemendur Bryn Ballett dansakademíu.
Gói.
Söngsveitin Víkingar.
Hljómsveitin No Survivors frá Tónlistarskólanum í Garði.
María Ólafsdóttir.
BMX-bræður.

Kl.16:00 **Ásgeir Hjálmarsson** - fyrrverandi forstöðumaður og stofnandi Byggðasafnsins Garðskaga, heldur fyrirlestur um arf verk-, og tæknimenningar á bátum í Byggðasafninu.

Kl.17:00 **Sjósund í Garðhúsavík.**

Hverfagrill. Tækifæri til að hittast í hverfunum og grilla saman.

Kl.20:30 ***Kvöldskemmtun á Garðskaga.***

Harmonikkusveit Suðurnesja.
Jón Jónsson *í boði H.Pétursson ehf.*
Danskompaní.
No Survivors úr Garðinum.
Amabadama.
Hreimur og Made in sveitin.

Frítt í sund í Garðinum, dagana 22. - 28. júní í boði bæjarfélagsins.

Gjald á tjaldsvæði er kr. 2500. Hundahald BANNAÐ á hátíðarsvæðinu.

Sunnudagur 28. júní

Kl.13:00 **Steinbogi kvikmyndagerð sýnir,** á sal Gerðaskóla, heimildamyndina Garður hundrað ára, heimild um merkisár í sögu Garðs. Sýningartími 80 mínútur. Aðgangseyrir 700 kr.
Myndin verður einnig til sölu á DVD á 2600 kr.

Kl.13:00 - 17:00 **Sjólyst, söguhús Unu Guðmundsdóttur opið.**

Kl.15:00 **80 ára afmæli björgunarsveitarinnar Ægis.** Íbúum í Garði og gestum boðið upp á kaffiveitingar í Þorsteinsbúð í tilefni 80 ára afmælis björgunarsveitarinnar Ægis, en björgunarsveitin hefur alla tíð tekið virkan þátt í Sólsetushátíðinni.

Byggðasafnið opið, frítt inn á safnið alla helgina, *fornbílar og mótorhjól á Garðskaga,* ***sölutjöld Víðis,*** hoppukastalar, ***Sápubolti,*** *Bubblebolti,* ***hestar teymdir undir börnum.*** *- Lifandi tónlist á Tveimur vitum, opið til 02:00. -* ***Minnum á listagalleríið Ársól við Kothúsaveg, opið ef heimilsfólk er heima við, má hringja í 896-7936.*** *- Ævintýragarður listamannsins Helga Valdimarssonar, að Urðarbraut 4, verður opinn 13:00 – 17:00 alla daga hátíðarinnar. Velkomið að ganga inn á lóð og skoða þær 22 styttur sem þar eru. -* ***Bendum fólki á listaverk sem listaverkefnið Ferskir vindar hafa skilað af sér í Garðinum, en þau verk má finna víða í bænum.***

Aflafréttir

Enginn á humarveiðum

Ansi góð dragnótaveiði hefur verið hjá þeim bátum sem eftir eru á dragnótinni. Sigurfari GK hefur landað 93 tonnum í 6 róðrum og þar af 32 tonn í einni löndun. Benni Sæm GK 81 tonn í 7 og þar af 25 tonn í einni löndun . Arnþór GK 31 tonn í 2 og var stærri róðurinn ansi góður eða 27 tonn. Siggi Bjarna GK 25 tonn í 2.

Nýjasti netabátur Suðurnesjamanna hefur hafið veiðar og er hann í eigu Hólmgríms sem gerir út t.d Maron GK og Grímsnes GK. Heitir báturinn Steini Sigvalda GK 525 og kemur í staðin fyrir Tjaldanes GK 525, enn hann bilaði í vetur og mun enda í pottinum fræga. Steini Sigvalda GK hefur landað 32 tonn í 5 róðrum í Grindaík og er uppistaðan í aflanum langa eða 24 tonn. Maron GK er líka á línuveiðum í net og hefur landað 17 tn í 3 og er langa af því 12,2 tonn. Askur GK 8 tonn i 6.

Nesfiskstogarnrir sem eru á rækjuveiðunum voru að veiðum við Snæfellsnesið og gekk þokkalega. Berglín GK kom til Sandgerðis með 37 tonn og var rækja af því 18 tonn. Sóley Sigurjóns GK er kominn aftur norður og hefur landað 61 tonni í 2 róðrum á Siglufirði. Rækja af þessum afla er nú samt ekki nema 25 tonn.

Þeir fáu bátar sem stunda humarveiðar hafa t.d verið að veiðum á Eldeyjar svæðinu og hafa Hornfirskir bátar landað í Grindavík. Skinney SF hefur landað 51 tonni í 2 róðrum og af því er humar um 11 tonn. Þórir SF 42 tonn í 2 og af því er humar um 10 tonn. Enginn bátur frá Suðurnesjunum er á humarveiðum.

Gísli R.

Sólseturshátíðin 25. til 28. júní

Sólseturshátíð var haldin í fyrsta skipti árið 2005 og er nú árlegur viðburður í Garði, sem við Garðbúar getum verið stolt af. Sólseturshátíðin er fjölskylduhátíð, haldinn á Garðskaga við góðar aðstæður, fallegt umhverfi með fjölbreyttri dagskrá. Má þar nefna stuttar gönguferðir, menningar- og sögutengda fræðslu fyrir börn og fullorðna, fjöruferð fyrir börnin, leiki og leiktæki, tónlistaratriði, kveiktur varðeldur og málverkasýningar.

Á Garðskaga er góð aðstaða fyrir tjaldbúa, tjaldvagna og húsbíla. Snyrting, rennandi vatn og rafmagn er til staðar.

Sólsetursháíðin 2015, verður dagana 25. júní til 28. júní.

Uppistaða atvinnulífsins er matvælaframleiðsla segir Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri í Vogum

Hvernig er staðan í Vogunum? Reykjanes leitaði til Ásgeirs Eiríkssonar bæjarstjóra í leit að svörum.

- Hvernig er fjárhagsstaða sveitarfélagsins?

Staðan hjá Sveitarfélaginu Vogum telst vera góð og í jafnvægi. Fjárhagsstaðan er traust, skuldir eru litlar og vel innan viðmiðunarrelgna fjármálareglna sveitarstjórnarlaganna um skuldaviðmð. Reksturinn skilar ekki miklum afgangi, en er þó réttu megin við strikið. Sveitarfélagið uppfyllir nú s. k. jöfnunarreglu sveitarstjórnarlaganna, sem gengur út á að á hverju þriggja ára tímabili megi útgjöld ekki vera hærri en tekjur.

- Fer íbúum fjölgandi í Vogum?

Íbúatala sveitarfélagsins hefur verið nokkuð stöðug síðustu misseri. Íbúum fjölgaði ört um síðustu aldamót, sem náði hámarki árið 2008 þegar fjöldi íbúa var um 1.250. Nú eru íbúar hér um 1.100, og hefur sú tala staðið nokkuð óbreytt um hríð.

- Á hverju byggist atvinnulífið?

Uppistaða atvinnulífsins er matvælaframleiðsla. Í sveitarfélaginu eru starfandi tvær fiskvinnslur, eggjabú, svínabú og tvö fiskeldisfyrirtæki. Ferðaþjónustan er einnig vaxandi, en í

sveitarfélaginu er starfrækt hótel, gistiheimili og veitingastaðir. Þá eru einnig nokkur þjónustu- og framleiðslufyrirtæki starfandi í sveitarfélaginu, m.a. á vettvangi sjávarútvegs.

- Hvaða þýðingu hafa fiskveiðar og fiskvinnsla fyrir sveitarfélagið?

Engin útgerð er lengur stunduð í Vogunum, og höfnin því ekki nýtt til landana lengur. Í sveitarfélaginu eru tvær fiskvinnslur, sem veita u.þ.b. 40 manns atvinnu allt árið um kring. Sjávarútvegur hefur því talsverða þýðingu fyrir atvinnulífið hér, jafnvel þótt fiskveiðar sem slíkar séu ekki lengur til staðar.

- Hvað segir þú okkur um félags og íþróttastarf í Vogum.

Ungmennafélagið Þróttur sér um íþróttastarfsemina. Starfið er blómlegt og gengur vel. Meistaraflokkur knattspyrnunnar er í toppbaráttunni í sínum riðli, en liðið er enn sem komið er í neðstu deild. Litlu munaði að liðið kæmist upp um deild á síðustu leiktíð, en nú er stefnt að því í ár. Félagið starfrækir knattspyrnuskóla í sumar fyrir yngslu kynslóðina. Aðstaða til íþróttaiðkana er góð, tvær glæsilegir knattspyrnuvellir í fulltri stærð, auk íþróttahúss og sundlaugar.

- En skólastarfið. Hvernig gengur það?

Skólastarfið gengur vel. Nemendur Stóru-Vogaskóla eru upp til hópa fyrirmyndarnemendur sem eru skóla sínum og samfélagi til sóma. Skólinn fékk nýlega styrk frá Sprotasjóði að fjárhæð 1,0 m. kr. Alls eru um 200 nemendur í skólanum.

- Er mikið um að ferðamenn staldri við í Vogum?

Talsvert margir ferðamenn koma til Voga. Flestir staldra við fyrstu eða síðustu nóttina í Íslandsferðinni, enda hótelið skammt frá alþjóðaflugvellinum. Það færist þó í vöxt að ferðamenn staldri lengur við, jafnt sumar sem vetur. Vonir standa til þess að Vatnsleysustrandarvegurinn verði í framtíðinni valkostur fyrir hjólreiðamenn sem með því móti sleppa við að hjóla eftir Reykjanesbrautinni. Þá munu án efa fleiri ferðamenn staldra við hér í sveitarfélaginu.

- Hvernig er samstarfið innan bæjarstjórnar?

Samstarfið gengur vel. Í bæjarstjórn er úrvalshópur valinkunna einstaklinga, sem láta sig hagsmuni sveitarfélagsins varða. Umræðan er málefnaleg og samstarfið gott. Traustur og samhentur hóupr.

- Hafið þið eitthvað rætt um sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög?

Sameining hefur lítið sem ekkert verið rædd á vettvangi sveitarstjórnar. Öðru hvoru eru málin reifuð á óformlegan hátt, en engar viðræður af neinu tagi hafa átt sér stað við nein af nágrannasveitarfélögunu.

22. júní er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Sýnum ábyrga afstöðu

Greiðum atkvæði um kjarasamningana

FLÓABANDALAGIÐ

EFLING STÉTTARFÉLAG

V.L.F. HLÍF

VS FK

ATH! Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 18. júní

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SUMAR TAX FREE

af sláttuvélum og garðhúsgögnum

TVÖFALT TAX FREE

af sumarblómum

Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt Tax free jafngildir 38.7% afslætti
Gildir 16.-21. júní meðan birgðir endast

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

SAMSUNG

Tilboð á sjónvörpum og heimilistækjum

Samsung UExxH5005

32“ kr. 74.900.-
40“ kr. 99.900.-
48“ kr. 129.900.-

Samsung UExxH5505

Með þráðlausu neti.

32“ kr. 79.900.-
40“ kr. 109.900.-
48“ kr. 139.900.-

Kæliskápur

RB29FSRNDWW

178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Tilboðsverð:
kr. 89.900.-

Þvottavél **WF70F5E3P4W**

- *7 kg þvottavél*
- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*
- *Demantatromla*

Tilboðsverð: 89.900.-

Uppþvottavél **DW-UG721W**

- *7 kg þurrkari*
- *Varmadæla sem sparar orku*
- *Orkunotkun A+++*
- *Barkalaus*
- *Demantatromla*

Verð frá: 114.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA
Í SUMAR

ATH.
Höfum stækkað verslunina.
Meira úrval - betri búð.
Verið velkomin.

ormsson.is

HAFNARGÖTU 23 · REYKJANESBÆ · SÍMI 421-1535